

Hverfisnefnd Oddeyrar - fundargerð :

48. fundur

05. febrúar 2014 kl. 20:30

Mætt(ir) voru Erlendur Steinar Friðriksson, Hjalti Jóhannesson og Jón Einar Jóhannsson.
Fimm mál voru á dagskrá;

1. 47. fundargerð hverfisnefnd Oddeyrar

47. fundargerð hverfisnefnd Oddeyrar var lögð fram til umræðu og samþykktar. Samþykkt samhljóða.

2. Aðalfundur hverfisnefndar Oddeyrar

Tekin var ákvörðun um að halda aðalfund í Oddeyrarskóla þann 28. febrúar næstkomandi. Efnistöð fundarins verða ákveðin síðar.

3. Fjárveiting Akureyrarbæjar til starfandi hverfisnefnda

Umræður um ráðstöfun á 2*2 milljónum sem bæjarstjórn hefur samþykkt að veita hverfisnefndum í umhverfistengd verkefni. Samþykkt að ítreka áður samþykktan aðgerðalista sem sendur var framkvæmdanefnd. - sjá viðauka.

Nýjar tillögur komu fram; Að útbúa söguskilti á viðeigandi stöðum og sandfjöru austan við Átak. Söguskiltin verða á íslensku og ensku - ætluð íbúum bæjarins og ferðalöngum bæði innlendum sem erlendum. Hafa má í huga að farþegar af skemmtiferðaskipum ganga margir um hverfið.

Vangaveltur komu fram um hvað gert væri við heitavatnsaffallið frá Hofi - og þá hvort og hvernig nýta mætti það.

4. Snjómokstur á Eyrinni

Hverfisnefndin ítrekar að gangbrautir og svæðið í kringum Oddeyrarskóla verði í forgangi.

5. Annað.

Full ástæða er til að huga að eflingu ímyndar Oddeyrarinnar í hugum bæjarbúa - sjá [BA-lokaverkefni](#). Það verði annarsvegar gert með því að að halda á lofti menningu og sögu Eyrarinnar, en hinsvegar með því að efla hverfið sem fjölskylduvænt, þar sem fótgangandi vegfarendur eru í forgangi, áherslan er lögð á opið fjölskyldu- og útvistarsvæði (Eiðsvöllinn) og nálægðina við sjóinn.

Fleiri mál voru ekki rædd og var fundi slitið kl. 22:00.

Næsti fundur boðaður 19.2.2014 kl. 20:30